



Fundargerð

491. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 26. apríl 2023, klukkan 14.20.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson, Einar Kristján Jónsson og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 2304022 - Ársreikningar Skaftárhrepps 2022 - fyrri umræða
Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi Skaftárhrepps og Friðrik Einarsson, endurskoðandi gerðu grein fyrir ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2022.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningum Skaftárhrepps til síðari umræðu.
- 2304021 - Ungmennafélagið Ármann
Lagt fram bréf, dagsett 29. mars 2023, vegna útiþróttasvæðis á Kirkjubæjarklaustri, þar að segja frjálsíþrotta- og fótboltavallar og körfuboltavallar.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps, vísar erindinu til umfjöllunar í íþrotta- og tómstundanefnd. Jafnframt mun sveitarstjórn taka tillit til óska Ungmennafélagsins Ármanns við endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins, sunnan Klausturvegar, sem stefnt skal að ljúka á árinu 2023.
- 2304017 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Erindi, dagsett, 30. mars 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Sigurjónu Matthíasdóttir. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Breiðabólsstaður.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.
- 2304016 - Míla
Lagt fram bréf, dagsett, 3. apríl 2023, þar sem Míla óskar eftir formlegum viðræðum við sveitarfélagið um kaup á ljósleiðarakerfi Skaftárhrepps.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að leita samninga um kaup Mílu á ljósleiðarakerfi Skaftárhrepps.

BHS
J.S. A.
Shi. G.M.



5. 2302012 - Uppbygging ehf.
Frestað erindi frá 487. fundi sveitarstjórnar, bréf dagsett, 26. janúar 2023, lagt fram að nýju.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna erindinu að svo stöddu. Sveitarstjórnin telur ekki rökrétt að úthluta lóðum eða selja Kirkjuhvol áður en svæðið er skipulagt í heild sinni.
6. 2304033 - Reglur um bifreiðanotkun
Oddviti lagði fram reglur um bifreiðanotkun Skaftárhrepps, sem gilda um bifreiðar í eigu og umsjón sveitarfélagsins að undanskildum bifreiðum Slökkviliðs Skaftárhrepps.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir liggjandi reglur um bifreiðanotkun.
7. 2304034 - Styrkveiting
Oddviti lagði fram tillögu um að styrkja Skaftfellingakórinn í Reykjavík, vegna tónleikahalds Félagshemilinu Kirkjuhvoli og á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Skaftfellingakórinn um 150.000 kr. Er styrkurinn tekinn af lið: 0589/4392.
8. 2304038 - Landskerfi bókasafna
Tekið fyrir bréf, dagsett 17. apríl 2023 vegna aðalfundar.
Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf., þriðjudaginn 9. maí næstkomandi. Fundurinn verður haldinn að Katrínartúni 4, Reykjavík. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björk Ingimundardóttir, verði fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum.
9. 2304018 - Trúnaðarmál
Afgreiðsla málsins færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.
10. 2304041 - Guðrún Sigurðardóttir
Tekið er fyrir bréf frá Guðrúnu Sigurðardóttur, dagsett, 3. janúar 2023. Með bréfinu segir Guðrún starfi sínu lausu sem leikskólastjóri.
Guðrún Sigurðardóttir, hefur látið af störfum sem leikskólastjóri, er Guðrúnu þökkuð störf fyrir sveitarfélagið.
11. 2304040 - Fyrirhuguð bifreiðakaup
Oddviti, lagði fram tillögu um að sveitarstjóra verði falið að kaupa bifreið sem er sérútbúin til að flytja einstaklinga sem bundnir eru hjólastól.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu oddvita. Jafnframt er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram eins og fram kom á fundinum.
12. 2304039 - Hámarkshraði í þéttbýli
Oddviti, lagði fram tillögu að hámarkshraði verði lækkaður í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu oddvita og er sveitarstjóra falið að leggja fram tillögu fyrir sveitarstjórn um hámarkshraða í þéttbýlinu.

BHS
Al
Shi
SOS



Fundargerðir til samþykktar

13. 2304003F - Skipulagsnefnd - 183

Fundargerð frá 19. apríl 2023.

13.1 2304035 - Fjaðrárgljúfur

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 183

Skipulagsnefnd þakkar Brynjólfi J. Baldurssyni fyrir kynninguna á verkefninu.

13.2 2211019 - Breyting á deiliskipulagi Fjaðrárgljúfurs

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 183

Skipulagsnefnd, samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst og ítrekar þá kröfu um að tekið verði tillit til greinar 4.3.3 í byggingarreglugerð.

13.3 2304036 - Efnisvinnsla úr Skaftá

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 183

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdarleyfi á grundvelli Aðalskipulags Skaftárhrepps sem var auglýst og biður lokaafgreiðslu og með fyrirvara um jákvæða umsögn Fiskistofu.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

13.4 2304037 - Heiðarsel 1 og 2 sameining lóða

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 183

Skipulagsnefnd samþykkir sameiningu Heiðarsels 1 og Heiðarsels 2 í eitt landnúmer og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

Sveitarstjórn Staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

13.5 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 183

Lagt er til að málinu sé frestað þar til frekari rökstuðningur Vegagerðarinnar liggur fyrir.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.

14. 2304002F - Fræðslunefnd - 181

Fundargerð frá 18. apríl 2023.

14.1 2304025 - Málefni Kirkjubæjarskóla á Síðu

Lagt fram til kynningar.

14.2 2304024 - Málefni Heilsuleikskólans Kærabæjar

Lagt fram til kynningar.

14.3 2304026 - Nýjar reglur leikskóla Skaftárhrepps

Lagt fram til kynningar.

BHS
AL
J.S.
Sni. GS



- 14.4 2304027 - Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsmanna í leikskóla
Lagt fram til kynningar.
- 14.5 2304030 - Alark
Lagt fram til kynningar.
- 14.6 2304028 - Reglur um skólaakstur
Niðurstaða Fræðslunefnd - 181
Fræðslunefnd fór yfir og samþykkti fyrirbyggjandi reglur um skólaakstur samhljóða og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.
Sveitarstjórn staðfestir samhljóða reglur um skólaakstur.
- 14.7 2304029 - Útboðslýsing vegna skólaaksturs 2023-2026
Niðurstaða Fræðslunefnd - 181
Fræðslunefnd fór yfir og samþykkti fyrirbyggjandi útboðsgögn vegna skólaaksturs samhljóða og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.
Sveitarstjórn staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi útboðsgögn vegna skólaaksturs og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.
15. 2304009 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð, vegna aukafundar, svæðisskipulagsnefndar frá 28. mars 2023 vegna fjárhags verkefnisins.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þann kostnað sem fram kemur í fundargerðinni og felur sveitarstjóra að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun vegna liðar 0924/4321

Fundargerðir til kynningar

16. 2304015 - Kirkjubæjarstofa ses.
Lögð fram fundargerð frá 24. apríl 2023.
Lagt fram til kynningar.
17. 2304011 - Samtök Orkusveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð 59. fundar stjórnar, frá 24. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.
18. 2304012 - Samtök Orkusveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð 60. fundar stjórnar, frá 4. apríl 2023.
Lagt fram til kynningar.
19. 2304013 - Samtök Orkusveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð 61. fundar stjórnar, frá 13. apríl 2023.
Lagt fram til kynningar.

BLS
J.G. AL
Shi. 60



20. 2304010 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð 24. fundar vegna svæðisskipulags Suðurlands, frá 28. mars 2023.
21. 2304008 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.
Lögð fram fundargerð 594. fundar stjórnar, frá 24. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.
22. 2304007 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Lögð fram fundargerð 226. fundar, frá 30. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.
23. 2304006 - Vatnajökulsþjóðgarður.
Lögð fram fundargerð, 109 fundar svæðisráðs vestursvæðis, frá 13. apríl 2023.
Lagt fram til kynningar.
24. 2304005 - Félags- og skólaþjónusta Rangarvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
Lögð fram fundargerð 71. fundar stjórnar, frá 27. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.
25. 2304002 - Bergrisinn bs.
Lögð fram fundargerð 52. fundar stjórnar, frá 17. febrúar 2023.
Lagt fram til kynningar.
26. 2304003 - Bergrisinn bs.
Lögð fram fundargerð 53. fundar stjórnar, frá 17. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.
27. 2304004 - Bergrisinn bs.
Lögð fram fundargerð 54. fundar stjórnar, frá 3. apríl 2023.
Lagt fram til kynningar.
28. 2304001 - Arnardrangur hses.
Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar, frá 17. mars 2023.
Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar

29. 2304014 - Styrktarsjóður EBÍ
Lagt fram bréf dagsett, 4. apríl 2023, styrktarsjóður EBÍ 2023.
Lagt fram til kynningar.

BHS
J.G. Alu
Shi. BPS



30. 2304031 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Tekið fyrir bréf, dagsett, 18. apríl 2023, ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkveitingar úr sjóðnum vorið 2023. Skaftárhreppur fékk styrk að fjárhæð kr. 5.760.000,- vegna Hólmsá-Rauðibotn-Hólmsárlón, skipulag, hönnun og merkingar. Styrkurinn er veittur til að skipuleggja svæðið, ákvarða legu gönguleiðar (ca. 5 km hringleið), og aðkomuleiðar. Afmarka á bílaplan, útbúa upplýsingaskilti og merkingar, stika leiðir, loka villustígum og lagfæra gróðurskemmdir.

31. 2304032 - Rangárþing eystra

Tekið fyrir minnisblað fundar vegna fjallskila á sýslumörkum sem haldinn var í ráðhúsi Rangárþings eystra, 17. apríl 2023.

Lagt fram til kynningar.

Til fundarins var boðað á hálfu Skaftárhrepps. Nú um nokkurra ára skeið hefur sífellt fjölgað því sauðfé úr Álftaveri og Skaftártungu sem leitað hefur vestur yfir sýslumörk Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps í samstarfi við fjallskilanefndir Álftavers og Skaftártunguafréttar óska því eftir samtali við nágretta sína í Rangárvallasýslu um hugsanlegar leiðir til að draga úr þessari þróun og með hvaða hætti mætti bæta fyrirkomulag fjallskila/smalana á sýslumörkum Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Skýrsla sveitarstjóra

32. 2304023 - Skýrsla 491. fundur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum eins og fram kom á fundinum.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 18.33


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmundsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson